

Ed.

904. Frumvarp til laga

[301. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 55/1970 og lög nr. 30/1977.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. maí.)

1. gr.

Á eftir 2. málgr. 5. gr. laganna komi ný málgr., svohljóðandi:

Í þeim bifreiðum, sem búnar eru öryggisbeltum skv. þessari grein, skulu og vera hnakkapúðar af viðurkenndri gerð á framsætum. Ákvæði þetta gildir um bifreiðar sem fluttar eru til landsins eftir 1. jan. 1983.

2. gr.

60. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 30/1977, breytist sem hér segir:

a. 2. málgr. orðist svo:

Heimilt er að aka á reiðhjólum og leiða reiðhjól á gangstígum og gangstéttum, ef það er ekki til hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Hjólreiðamenn, sem fara eftir gangstígum eða gangstéttum, skulu ævinlega vikja og hliðra til fyrir gangandi vegfarendum. Reglur um gangandi vegfarendur gilda að öðru leyti um þá sem leiða reiðhjól.

b. 8. málgr. orðist svo:

Reglur greinar þessarar gilda einnig um létt bifhjól. Þó má ekki aka léttu bifhjóli á gangstígum eða gangstéttum, eða flytja á því farþega. Ákvæði 4. mgr. 59. gr. gilda og um ökumann léttis bifhjóls.

3. gr.

Á eftir 64. gr. komi nýr liður og ný grein, svohljóðandi:

H. Um notkun öryggisbelta í bifreiðum.

64. gr. a.

Hver sá, er situr í framsæti bifreiðar, sem búið er öryggisbelti, skal nota það við akstur á vegum. Eigi er skylt að nota öryggisbelti við akstur aftur á bak. Sama gildir um akstur á bifreiðastæðum, við bensinstöðvar eða við svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbelta, ef heilsufars- eða læknisfræðilegar ástæður eru taldar gera slíka undanþágu brýna.

Eigi er skylt að nota öryggisbelti í leigubifreiðum til mannflutninga. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbelta við annan sérstakan akstur, eða við erfið og hættuleg skilyrði utan þéttbýlis, svo sem í mikilli ófærð eða þar sem hættu getur verið á skriðuföllum eða snjóflóðum.

4. gr.

2. másl. 3. málgr. 67. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 30/1977, orðist svo:
Vanræksla á notkun öryggisbúnaðar, sbr. 4. mgr. 59. gr., 8. mgr. 60. gr. og 64. gr. a, leiðir þó ekki til lækkunar eða niðurfellingar fébóta.

5. gr.

83. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 55/1970, breytist sem hér segir:

a. 1. málgr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra skipar 19 menn í Umferðarráð til þriggja ára í senn.

b. Á eftir „Fræðslumálastjórn“ í 2. málgr. komi: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

c. Á eftir „Ökukennarafélag Íslands“ í 2. málgr. komi: Öryrkjabandalag Íslands.

6. gr.

Ákvæði 2.—4. gr. koma til framkvæmda 1. okt. 1981. Eigi skal þó refska fyrir brot gegn 3. gr. fyrr en lokið er þeirri heildarendurskoðun umferðarlaga sem hófst í september 1980.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.